



9. FUNDUR Í SVEITARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 14. apríl 2015, kl. 17:00

Sveitarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 9. fundar þriðjudaginn 14. apríl 2015 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Forseti sveitarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn S. Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) *Byggðaráðs frá 19. mars 2015*
- b) *Byggðarráðs frá 13. apríl 2015*
- c) *Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 8. apríl 2015*

2. Samþykktir fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar

Í upphafi fundar gerði Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi J-listans, athugasemd við útsendingu gagna fyrir fund sveitarstjórnar. Fundargögn fyrir lið 1b í dagskrá fundarins hafi ekki borist með löglegum fyrirvara.

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) *Byggðaráðs frá 19. mars 2015*

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Liður nr. 4a í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b) *Byggðarráðs frá 13. apríl 2015*

Fundargerðin er í 11 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Fulltrúar J-listans lögðu fram eftirfarandi bókun við lið 6 í fundargerðinni:
„Undirritaðir fulltrúar kalla eftir tímasettri og kostnaðarmetinni áætlun sveitarfélagsins um hvernig kröfur í úrgangsmálum sem boðaðar eru í „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi“ verða uppfylltar.“

Undir þetta rita Oddný María Gunnarsdóttir, Hörður Ríkharðsson og Sindri Páll Bjarnason.

Eftir umræður var liður 2 í fundargerðinni borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 6 atkvæðum, Oddný María Gunnarsdóttir sat hjá. Liður 3 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Liður 4 var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur



með 7 atkvæðum. Liður 6 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Liður 8 í fundargerðinni borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Liður 11a í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum samhljóða.

Varðandi lið 11b í fundargerðinni samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi:
„Sveitarstjórn samþykkir að vísa úrskurði Óbyggðanefndar gagnvart afréttum sveitarfélagsins til dómstóla“.

Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c) Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 4. mars 2015

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Liðir 1 í fundargerðinni voru bornir sérstaklega undir atkvæði og voru samþykktir með 7 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerðinni vill sveitarstjórn koma eftirfarandi á framfæri:
„Við stækkun lóða að Garðabyggð 1 er nauðsynlegt að huga jafnframt að auknu umferðaröryggi t.d. með því að stækka beygjuna á gatnamótum Garðabyggðar og Brekkubyggðar með einhverjum hætti.“

Liður 2 í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum.

Sveitarstjórn leggur fram eftirfarandi tillögu varðandi lið 3 í fundargerðinni:
„Sveitarstjórn samþykkir að fela byggðarráði að kanna kosti og galla þess að fram fari kosning meðal íbúa Blönduósbæjar um hámarkshraða á götum bæjarins. Byggðarráð komi með tillögu í málinu fyrir 1. október 2015.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Liður 4 í fundargerðinni var sérstaklega borinn undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Liður 5 í fundargerðinni var sérstaklega borinn undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Samþykktir fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar

Samþykktir bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundi slitið kl. 18:50.

Valgarður Himarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkhartsson (sign.)
Sindri Páll Bjarnason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)